

Þróunarsjóður innflytjendamála

Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Allir í fótbolta með Keflavík! Þróunarverkefni í að auka knattspyrnuþátttöku erlendra barna og ungmenna sem búa á Ásbrú og í Reykjanesbæ

Nafn styrkþega: Knattspyrnudeild Keflavíkur

Útdráttur: Knattspyrnudeild Keflavíkur í samvinnu við Reykjanesbæ og Rauða krossinn í Reykjanesbæ héldu 5 vikna fótboltanámskeið á Ásbrú í Reykjanesbæ fyrir börn með sérstakri áherslu á að ná til barna innflytjenda og af erlendum uppruna. Námskeiðið var opið öllum börnum á aldrinum 6-12 ára. Útbúinn var bæklingur á 3 tungumálum, íslensku, ensku og pólsku og bæklingnum dreift í allar íbúðir á Ásbrú, auk þess var auglýst á samfélagsmiðlum og í íþróttamannvirkjum á Suðurnesjum. Námskeiðið stóð yfir í 5 vikur yfir sumartímann 2021, æfingar voru tvisvar í viku og var ókeypis þátttaka fyrir börnin. Ásbrúarvöllur var settur í gott stand fyrir námskeiðið. Hann var m.a. sandaður, gataður, málaður og borið á hann áburður auk þess sem skilti voru sett upp til að auðvelda fólki að finna völlinn. Mörkin voru endurbætt og löguð auk þess sem ný net voru sett í mörkin. Knattspyrnudeild Keflavíkur skaffaði bolta, keilur, vesti, verkefnastjóra, þjálfara og annan nauðsynlegan útbúnað fyrir námskeiðið. Safnað var saman takkaskóm úr ýmsum áttum og þeim börnum sem áttu ekki takkaskó voru gefnir takkaskór ef þau vildu og undir lok námskeiðsins voru öll börnin komin í fótboltaskó. Alls mættu rúmlega 30 börn á námskeiðið, um 80% voru drengir og 20% stúlkur. Börn frá Íslandi, Póllandi, Kína, Filíppseyjum, Afríku og Bandaríkjunum komu á námskeiðið. Flest börnin voru á aldrinum 9-11 ára en aldursbilið var 6-12 ára. Börnin og foreldrar þeirra voru í kjölfarið hvött til að hefja knattspyrnuæfingar hjá Keflavík og kynnt var fyrir þeim æfingatímar, samgöngur til og frá æfingum og hvernig hvatagreiðslur virka. Öllum börnunum var boðið að æfa knattspyrnu hjá Keflavík ókeypis til áramóta. Knattspyrnudeild Keflavíkur vill koma á framfæri þakklæti til samstarfsaðila okkar og Þróunarsjóðs innflytjendamála sem hjálpuðu okkur að gera þetta göfuga verkefni að veruleika.

Name of the project: Everyone in football with Keflavík! Development project to increase soccer participation of foreign children and young people living in Ásbrú and Reykjanesbær

Name of grantee: Knattspyrnudeild Keflavíkur

Project description: Keflavík soccer club in cooperation with Reykjanesbær and the Red Cross in Reykjanesbær held a 5-week soccer course at Ásbrú in Reykjanesbær for children with a special

focus on reaching children of immigrants and of foreign origin. The course was open to all children aged 6-12. A brochure was prepared in 3 languages, Icelandic, English and Polish, and the brochure was distributed to all apartments in Ásbrú, in addition, it was advertised on social media and in sports facilities in Suðurnes. The course lasted for 5 weeks during the summer 2021, exercises were twice a week and participation was free for the children. Ásbrúarvöllur was put in good condition for the course. He was, among other things, sanded, painted, and applied fertilizer as well as signs were put up to make it easier for people to find the field. The goals were improved and repaired, and new nets were placed in them. Keflavík's soccer club provided balls, vests, project managers, coaches, and other necessary equipment for the course. Soccer cleats were collected from various sources and the children who did not have soccer cleats were given cleats if they wanted them, and by the end of the course all the children were wearing soccer cleats. A total of over 30 children attended the course, around 80% were boys and 20% were girls. Children from Iceland, Poland, China, the Philippines, Africa, and the United States came to the course. Most of the children were aged 9-11, but the age range was 6-12. The children and their parents were subsequently encouraged to start soccer training at Keflavík soccer club and were introduced to training times, transport to and from training and how incentive payments work. All the children were invited to practice soccer for free until the end of the year. The Keflavík's soccer club would like to express its gratitude to our partners and the Immigration Development Fund who helped us make this noble project a reality.